

Guðbjörn Jónsson




Átak skynseminnar eða annað hrún.

Undanfarna mánuði hef ég verið að skoða tölulegar niðurstöður úr rekstri samfélagsins okkar frá lýðveldisstofnun til dagsins í dag. Það sem birtist manni við slíka skoðun er mikil sorgarsaga. Engu er líkara en allan lýðveldistímamann hafi Hagstofan ekki haft á að skipa neinu fólki með kunnáttu í faglegri framsetningu rekstrarniðurstaðna sem gefi raunhæfa og skiljanlega mynd af rekstri samfélagsins á hverjum tíma.

Ytri rekstrarforsendur þjóðfélagsins okkar eru í meginatriðum þær sömu og eru í rekstri þökkalega stórs fyrirtækis. Innri reksturinn er svo háður því hversu vel tekst til að efla samheldni samfélagsins og að fólkið noti sem mest peningana sína hér innanlands, svo þeir hafi nauðsynleg margfeldisáhrif þannig að sama krónan gangi milli margra söluaðila og skapi þannig aukna veltu í samfélaginu. Slík velta gengur undir nafninu “Landsframleiðsla” í uppgjörsmáli nútímans.


Misjafnt er hversu heillegur talnagrunnur Hagstofunnar er, þegar líta á yfir langt tímabil. Nokkur atriði ná þó yfir það tímabil sem ég var að skoða. Ég dróg því saman í eina mynd, samantekt yfir fyrrnefnda “landsframleiðslu” og setti á sömu mynd yfirlit um “Þjóðartekjur”. Útkoman varð þessi:



Eins og sjá má af þessari samantekt virðist aldrei, frá lýðveldisstofnun, hafa komist á nein stjórnun efnahagsmála í samfélagi okkar. Rauða línan sýnir veltuna í samfélaginu, eða “landsframleiðsluna”. Þessi lína ætti að vera nokkuð jöfn, með hægum stíganda en eins og sést þarna, höfum við hagað okkur eins og óábyrgir unglingar og þanið út eyðsluna í hvert sinn sem von var á auknum tekjum eða erlendu lánsfé, sem virðist skráð sem tekjur. Við eyddum sem sagt öllum gjaldeyri jafnóðum og við fengum hann og iðulega rúmlega það. Þess vegna skapaðist aldrei hjá okkur neinn gjaldeyrisforði sem gæti verið bakland


eða jafnvægisstyrkur krónunnar, Þarna má t. d. sjá ástæðurnar fyrir flestum gengisfellingum fyrri tíma.

Það er athyglisvert að sjá þær miklu sveiflur sem koma fram í myndinni hér að framan. Maður getur ekki ann að en efast um að þarna sé rétt staðið að verki, þegar skoðuð er samantekt á öllum útflutningi okkar yfir þetta sama tímabil:




Eins og sjá má af þessum línuritum er hægur stígandi í magni útflutningsverðmæta og verðmætisaukning er ekki sveiflukennd heldur hægur vöxtur fram undir 1970. En þá eru gerðar breytingar á skráningu hjá Hagstofunni, sem virðist setja allt á hliðina. Og áratug síðar þarf að gera stóra myntbreytingu þar sem verðgildið krónunnar er hundraðfaldað. 100 krónur verða að einni krónu.

Ég á eftir að skoða fleiri forsendur frá þessu tímabili, en mér finnst líklegast að sveiflurnar í fyrri myndinni stafi af erlendum lántökum og þau lán hafi verið notuð til verkefna sem engum gjaldeyristekjum skiluðu. Að taka erlend lán til verkefna sem engar gjaldeyristekjur skapa, er bein ávísun á þrengingu lífsskjara, því greiða verður lánið með hluta þess gjaldeyris sem áður var hægt að nota til framkvæmda eða til að bæta lífsskjör.



Þegar horft er yfir það sem til er af gengisskráningu sama tímabils (meðalgengi hvers árs), kemur glögglega í ljós hve breytingar sem gerðar voru á hinum samtengdu vísitölukerfum okkar voru þjóðhagslega hættuleg. Fyrst er gerð breyting upp úr 1950, en meiri breytingar svo gerðar í upphafi áttunda áratugsins. Rauntölur annars vegar yfir magn og verð útflutnings en hins vegar reiknilíkönin sem keyra vísitölurnar, sýna glögglega hvernig verðbólgukrúfan er sett af stað og ferð hennar aukin á fyrstu árum áttunda áratugsins. Vitleysan í þessu er svo mikil að peningakerfið lendir í þroti í upphafi níunda áratugsins með áður nefndri myntbreytingu. Þetta á ég eftir að skoða nánar og afla mér frekari gagna til að geta sýnt betur fram á ferlið.



Hér má sjá þennan samanburð sem ég er að tala um. Bláa, gula og mosagræna línan eru vísitölurnar. Rauða græna og fjólulitu línurnar eru raunverulegar magnbreytingar. Ef þið skoðið vel vinstri hlutann af myndinni, fram til ársins 1952, má sjá að vísitölur og raunvirði eru nokkuð samferða. Árið 1952 eru gerðar breytingar á vísitölum og þá byrja þær að skilja við raunveruleikann og búa til reiknaðar hækkanir. Breytingar eru svo aftur gerðar um 1970 og þá eykst enn bilið á milli reiknaðra hækkana vísitalna og raunveruleikans. Athygli er vakin á því að í þessum líkönum er verðtryggingin ekki með, sem best má sjá af því að ekkert hrap kemur í vísitölulínurnar í kringum 1980.

Af því sem hér hefur verið rakið virðist ljóst að vitlaus reiknigrunnur vísitalna og hin stórhættulega samtenging þeirra, sé meginástæðan fyrir því að efnahagsstjórnun hér á landi hefur allan lýðveldistímenn verið svo mjög ófullnægjandi sem raunveruleikinn ber gleggsta merkið um. Algjör uppskurður á vinnubrögðum Hagstofunnar er ekki einungis hugsanlegur. Slíkur uppskurður er að mínu mati algjör forsenda þess að landið haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu.